

Páll Jakob Líndal  
Safamýri 91  
108 Reykjavík

Reykjavík, 20. desember 2023  
UST202308-032/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Pális Jakobs Líndal, dagsett, 9. ágúst 2023, um leyfi til framkvæmda innan Andakíls.

Andakíl er friðlýst sem búsvæði fugla sbr. [auglýsing nr. 338/2011](#). Vernda skal vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni svæðisins þannig að vistkerfið fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum. Allt rask á jarðmyndunum, þ.m.t. hvers konar áletranir, er óheimilt á verndarsvæðinu. Allar framkvæmdir, svo sem nýbyggingar, þar með talið skýli fyrir skepnur og tilheyrandi aðkomuleiðir, eru háðar samþykktu skipulagi hverju sinni. Leyfi Umhverfisstofnunar og Borgarbyggðar þarf til framkvæmda á hinu friðlýsta svæði þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að byggja vinnustofu með geymslu á lóð Grjóteyrar 2. Byggingin er ætluð til einkanota. Afstöðumynd sem sýnir staðsetningu fyrirhugaðar byggingar og teikningar af hönnun þess fylgdu með umsókn. Til stendur að reisa húsið á röskuðu svæði sunnan/ofan við núverandi hús á lóðinni (þ.e. fjær sjó). Húsið yrði steinsteypt einnar hæðar bygging með manngengu risi að hluta og grunnflatarmál þess um 115,6 m<sup>2</sup>. Þar af yrði um 24,5 m<sup>2</sup> verönd undir þaki meðfram norðurhlið. Skólplagnir munu liggja sem mest utan við grunn byggingar og tengjast núverandi rótþró á svæðinu. Aðgengi að húsinu verður um heimreið að núverandi íbúðarhúsi og verða bílastæði staðsett í í námunda suðaustanvert við húsið. Akfærir göngustígar munu liggja frá bílastæði að húsi. Lóðin er á nokkuð sléttu landi en innan hennar er jarðvegsmön sem húsið mun verða fellt inn í, þannig að jarðvegur mun liggja upp að suður- og austurhlið hússins. Þá verða búnar til jarðvegsmánir til að skýla bílastæði einkum fyrir sunnan- og suðaustanáttum. Þá verða tré og runnagróður sett niður sunnan og austan við húsið til að hlífa húsum og bílum ennfrekar. Farið verður í framkvæmdina 2024 eða 2025 og er áætlað að hún taki 1 ár.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins þar sem byggingin yrði innan skipulagðrar lóðar og byggingareiturinn er á áður röskuðu svæði. Framkvæmdarsvæðið er inn á einkalandi og ekki áfangastaður ferðamanna og áhrif á gesti svæðisins því takmörkuð.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Páll Jakob Líndal fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu vinnustofu innan Andakíls sbr. lýsingu hér að ofan og skal framkvæmd hefjast innan árs frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Óheimilt er að sleppa og dreifa framandi plöntutegunum utan garðs utan um húsið þegar gengið verður frá lóðinni að framkvæmd lokinni.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Takmarka skal hávaðasamar framkvæmdir á varptíma (20. apríl til 20. júlí) eftir því sem kostur er.
- Einungis skal aka tækjum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt en skv. aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði en er innan lóðar þar sem fyrir er íbúðarhúsnæði en ekki landbúnaðarstarfsemi. Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. í lögum nr. 123/2010 um skipulag er tekið fram að þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn eða sá aðili sem heimild hefur til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 6. gr., ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Skal skipulagsnefnd þá láta fara fram grenndarkynningu.

Leyfi sveitarfélags þarf fyrir framkvæmdinni.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir

**sviðsstjóri**

Þórhildur María Kristinsdóttir

**sérfræðingur**